



## VIRKJAFU MANNAUÐINN

Frammistaða starfsfólks skiptir öllu máli varðandi flesta þætti s.s. sölu, þjónustu, samstarf, samskipti og frumkvæði.

Fyrirtækja markþjálfun nær fram virkara umhverfi hjá starfsfólkinu og skilar þannig meiri framlegð í fyrirtækinu.

GORDON býður upp á markþjálfun, námskeið, fyrirlestra og vinnustofur fyrir fyrirtæki sem vilja ná meiri árangri og efla sitt starfsfólk.



## Fyrirtækjamarkþjálfun er hvetjandi og heldur starfsfólki í fókus

Markþjálfun er ákveðin aðferðarfræði í samskiptum sem ætlað er að gera starfsfólkið virkara í samstarfi, efla þeirra frumkvæði og hjálpa því að koma sínum viðfangsefnum í framkvæmd. Markþjálfari starfar á svipuðum forsendum og íþróttþjálfari. Góður íþróttþjálfari heldur fólki að sínum áherslum á markmiðin, veitir endurgjöf, hvetur fólk áfram og tryggir að það sé að ná framförum frá viku til viku. Góður markþjálfari er hvetjandi, heldur fólki í fókus og gefur því markvisst endurmat til að það nái lengra á styttri tíma, en það gæti á eigin spýtur.

### Markþjálfun finnur styrkleyka, gildi og tilgang í að hafa frumkvæði

Markþjálfari fer yfir markmið í hverju verkefni og finnur út hverju á að ná fram. Hann aðstoðar síðan við að forgangsraða fyrirbyggjandi markmiðum til að hægt sé að einbeita sér að því sem skiptir mestu máli. Það þarf að ná fram góðu mati á stöðunni og finna styrkleika, gildi og tilgang. Síðan er þróuð aðgerðaráætlun til að ná þeim árangri sem stefnt er að.



**PERSÓNUGREINING** er góður grunnur til greina hvern aðila. Þá verður auðveldara að stilla upp réttu samskiptamunstri á milli aðila.

**STYRKLEIKAMAT** greinir stöðu hvers aðila og stöðu starfsmannahópsins. Þá er hægt að bæta þá veikleika, sem koma fram.

**ÁRANGURS MARKÞJÁLFUN** byggir á því auka árangur hjá hverjum og einum starfsmanni og í starfsmannahópnum.

**PERSÓNULEG MARKÞJÁLFUN** snýst um persónulegt umhverfi starfsmanns og hvernig hann getur bætt og notið betur lífsins.

**MARKÞJÁLFUN Í FYRIRTÆKJAMENNINGU** í (kúltúr) byggir á því að leggja grunn að ákveðnum kúltúr á vinnustað.

**SAMSTARFSMARKÞJÁLFUN** hefur það að markmiði að auka og efla samstarf og samstöðu starfsmanna innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

**SÖLUMARKÞJÁLFUN** snýst um að auka samskiptahæfni sölufólksins og nýta síðan þá hæfileika til að ná betri tengslum við viðskiptavini.

**STJÓRNUNARMARKÞJÁLFUN** byggis á því að efla samskiptahæfni við samstarfsmenn og þjálfa upp næmni fyrir þörfum starfsfólks til að það nái meiri árangri.

# Ávinningur fyrir bæði starfsmenn og vinnuveitendur

Markþjálfun í fyrirtækjum styrkir starfsmenn, skilar meira gefandi starfsumhverfi, skapað virkari starfsanda og er þannig ávinningur fyrir bæði starfsmenn og vinnuveitendur. Mörg fyrirtæki eru í dag að fjárfesta í markþjálfun og virkja með því lausnir sem ná inn í kjarna starfsumhverfsins, bæta starfsanda og efla virkni.

Á erfiðum tímum þegar álag eykst finnst mörgum þeir vera undir vaxandi þrýstingi um að leggja meira á sig til að halda sínu starfi. Þetta getur valdið því að starfsmenn brenna út, verða oftar veikir og fá önnur álagskennd vandamál sem geta orsakað brottrekstur. Markþjálfun er oft aðeins í boði fyrir stjórnendur, en nú er víða farið að bjóða upp á hana fyrir alla starfsmenn sem faglegt þróunarverkfæri.

Það eru margir þættir sem geta komið upp innan fyrirtækja, þar sem það getur verið mikils virði að bjóða upp á faglega starfsmannaráðgjöf með markþjálfun til að eiga við:

- *slæman starfsanda*
- *átök á milli starfsmanna*
- *starfsfólk sem vantar fókus*
- *streitu vegna ótta við uppsögn*
- *jafnvægi á milli vinnu og persónulegs umhverfis*
- *þegar starfsmenn starfa ekki á fullri orku og finnst þeir vanmetnir*
- *vinnu við að efla skuldbindingu starfsmanna*

## Markþjálfun gerir gott starfsfólk enn betra

Starfsmannamarkþjálfun virkar á svipaðan hátt og hefðbundin markþjálfun - veita hvatningu, aðstoða við að setja markmið og hjálpa starfsfólki við að efla sína möguleika. Markþjálfun tekur á öllum sviðum, svo sem tengslum, streitu og starfsferli. Tekið er á þessu öllu og starfsmenn hvattir til að ná fram sínu besta fyrir fyrirtækið.

Markþjálfun getur farið fram í fyrirtækinu þar sem starfsmenn eru á jafnræðisgrundvelli í hóp eða á maður-á-mann fundum þar sem tekið er á persónulegum málum starfsmanna. Þetta getur dregið fram gagnlegar leiðir, hugmyndir og tillögur til að ná fram markmiðum og aðgerðaáætlunum sem skila meiri árangri, öfugt við óvirkar eða óviðráðanlegar áætlanir sem aldrei fara í gang.

## GORDON aðstoðar við úttekt og greiningu

Fyrirtækja- og stjórnmarkþjálfarar GORDON geta hjálpað þér að setja upp áætlun um þarfir hjá þínu starfsfólki, setja viðskiptaleg markmið og að framkvæma samkvæmt þeim markmiðum um starfsmannapróun. Á sama hátt og þú vilt að starfsmenn séu vel þjálfaðir, vilja þeir oft þróa færni sína og tryggja áhuga á sínu starfsumhverfi og jafnvel að þróast sig hærra upp í keðjunni.

## GORDON er með markþjálfu í minni sem stærri verkefni

Markþjálfun getur tekið á öllum þessum málum með faglegum aðgerðum. GORDON býður upp á markþjálfu í tímabundin verkefni til að takast á við svona mál í minni og millistórum fyrirtækjum eða til lengri tíma í stærri verkefni.

Allir þurfa smá hvatningu og hjálp til að ná fram sínu besta. Góðir iþróttamenn ná ekki alvöru árangri án aðstoðar iþróttþjálfara og það er alveg eins í viðskiptum. Þú þjálfar starfsfólkið og veitir þeim hvatningu sem hafa skilað árangri, en veltu því fyrir þér hversu ótrúlegt það gæti verið ef einhver væri að styðja og hvetja þig líka.

## MARKÞJÁLFUN Í FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM ER AÐ AUKAST

Hæfir starfsmenn sem eru ánægðir í starfi eru eitt af því verðmætasta sem öll fyrirtæki eiga. Starfsmenn sem eru vel þjálfaðir til að sinna sínu starfi og eru hamingjusamir, eru miklu virkari og afkastameiri. Öll fyrirtæki ættu því að setja þjálfun og þróun á í starfsumhverfinu ofarlega á forgangslista.



Allir sérfræðingar í mannauðsmálum hjá Gordon eru með alþjóðlega vottun í innleiðingu á LET mannauðslíkaninu



**GORDON**

Grensásveg 3 - 108 Reykjavík - Sími 517 1400 - [gordon@gordon.is](mailto:gordon@gordon.is) - [www.gordon.is](http://www.gordon.is)